

Alþingi
Erindi nr. P 140/669
komudagur 7.12.2011



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2011

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (hækkun raforkueftirlitsgjalds), þskj. 355- 305. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (hækkun raforkueftirlitsgjalds).

Samkvæmt frumvarpinu mun samþykkt þess fyrst og fremst hafa áhrif á Landsnet og dreifiveiturnar þar sem þeir eru hinir eftirlitsskyldu aðilar sem samkvæmt raforkulögum greiða umrætt eftirlitsgjald. Áætlað er að tillagan um hækkun raforkueftirlitsgjalds frá 0,2 aurum í á hverja kWst í 0,5 aura muni skila 50 milljónum króna.

Þrátt fyrir að BSRB telji raforkueftirlit vera mikilvægt gagnrýnir bandalagið áætlaða hækkun á eftirlitsgjaldi. Umtalsverðar hækkunar hafa orðið á raforkuverði til heimila í landinu á síðastliðnum tveimur árum. Bein afleiðing þess er að rekstrarkostnaður hjá heimilum landsins hefur hækkað umtalsvert. Óbein áhrif hækkunar á raforkuverði er aukin verðbólga sem leiðir til hækkunar á almennu verðlagi. Aukin verðbólga veldur því að verðtryggðar skuldir heimilana hækka og kaupmáttur rýrnar. Það kemur fram í frumvarpinu að raforkukaupendur bera á endanum aukinn kostnað með hækkun raforkuverðs. Er það mat bandalagsins að hækkun á eftirlitsgjaldi muni hafa sömu áhrif á verðtryggðar skuldir og verðhækkunar á raforku.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink that reads "Helga Jónsdóttir". The signature is written in a cursive, flowing style.
Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri